



Íslenski Söfnuðurinn í Noregi
Den Islandske Menighet i Norge



Skýrsla sóknarprests

Safnaðarstarf Íslenska safnaðarins í Noregi

Sr. Arna Grétarsdóttir

Aðalfundur 26. apríl 2015



Efnisskrá

INNGANGUR	3
PRESTSPJÓNUSTA	4
GUÐSPJÓNUSTUR, HELGIHALD OG ATHAFNIR	4
SÁLGÆSLA OG KÆRLEIKSPJÓNUSTA	6
FRÆÐSLA OG NÁMSKEIÐ	6
UPPLÝSINGAMÁL, SAMSTARF OG FUNDIR	7
BARNA- OG UNGLINGASTARF - FRÁ FRÆÐSLUFULLTRÚA	8
SUNNUDAGASKÓLI	8
UNGLINGASTARF	9
STARF 60 ÁRA OG ELDRI	11
LISTANEFND – FRÁ FORMANNI	12
ÓLAFÍUSJÓÐUR – FRÁ FORMANNI	14
AÐ LOKUM	15
<i>VÍÐAUKI 1. SKIPULAGSSKRÁ ÓLAFÍUSJÓÐS ÍSLENSKA SAFNAÐARINS Í NOREGI</i>	16
<i>VÍÐAUKI 2. SKIPULAGSSKRÁ LISTANEFNDAR ÍSLENSKA SAFNAÐARINS Í NOREGI</i>	17



Inngangur

“Fyrst Kristur veitir kjark, fyrst kærleikur hans uppörvar, fyrst andi hans skapar samfélag, fyrst þar ríkir hlýja og samúð gerið þá gleði mína fullkomna með því að vera einhuga, hafa sama kærleika, einn hug og eina sál.” (Fil.2.1-2)

Þessi orð úr Filippíbréfinu lýsa vel þeim kærleiksanda sem einkenna samfélag og samstarf allt í söfnuðinum okkar. Kærleiksuppsprettuna og kjarkinn til þjónustunnar er að finna í Jesú Kristi. Stór hópur vinnur saman að því að skapa notalegt og uppbyggilegt andrúmsloft fyrir þau fjölmörgu sem leita þjónustu safnaðarins og fyrir það ber að þakka, bæði þeim sem leggja hönd á plóg, sem og Guði sem sendi okkur son sinn Jesú Krist sem vísar veginn. Ég er þakklát, ykkur öllum fyrir veru ykkar og verk, sem og góðum Guði fyrir að gefa trú, von og samstarfsanda.

Íslenski söfnuðurinn í Noregi er einn af fjölmörgum söfnuðum Þjóðkirkju Íslands og fær fjármagn til boðunarstarfsins í gegnum norsk sóknargjöld, frá ríki og sveitafélögum. Við erum lánsöm og njótum mikilla forréttinda að hafa fé til að boða trú á frelsarann Jesú Krist. Söfnuðurinn nær yfir stórt og yfirferðarmikið land og þjónustan markast af þeim landfræðilegu aðstæðum.

Mannaskipti urðu á árinu þegar fræðslufulltrúinn okkar Valdimar Þór Svavarsson lét af störfum vegna flutninga til Íslands. Ása Laufey Sæmundsdóttir guðfræðingur tók við starfi fræðslufulltrúa í maí. Helstu verkefni fræðslufulltrúa er að hafa umsjón með barna- og unglingastarfi safnaðarins, ásamt því að vera innan handar í öðru safnaðarstarfi svo og kærleikspjónustuverkefnum sem til hafa fallið ásamt því að sinna bæna- og helgihaldi sem prestur hefur falið honum. Þegar þetta er ritað hefur Biskup Íslands vígt Ásu Laufeyju til 50% prestspjónustu við Íslenska söfnuðinn í Noregi, hún mun áfram gegna 50% stöðu fræðslufulltrúa. Þær breytingar hafa því gengið í gegn hvað prestspjónustuna varðar að nú er starfandi sóknarprestur í fullu starfi og prestur í hálfu.

Inga Erlingsdóttir er okkur öllum innan handar með fastri viðveru í Ólafíustofu og þakka ég henni sérstaklega fyrir öll hennar spor, velvilja og trygð í starfi öllu.

Í safnaðarstjórn hefur valist einvalalið með metnað og trúarvilja til á að byggja upp safnaðarstarfið, halda því við sem vel hefur verið gert í gegnum árin og reka söfnuðinn með ábyrgum hætti. Miklu er fórnað af tíma og kröftum sem oftast en ekki kemur niður á fjölskyldustundum. Guð blessi og leiði þau störf öll sem og þær fjölskyldur sem að starfinu koma.



Prestsþjónusta

Guðsþjónustur, helgihald og athafnir

Guðsþjónustuhald var á einum 10 stöðum árið 2014. Þeir staðir sem messað var á eru: Ósló, Drammen, Kristiansand, Stavanger, Bergen, Þrándheimur, Tromsø, Sandefjord, Ålesund og Ísland (Fermingarmessa á Seltjarnarnesi).



Haldnar voru 28 guðsþjónustur og 27 bæna- og/eða helgistundir og 88 sunnudagaskólar um landið. 5300 sálir sóttu helgihald safnaðarins á árinu þar sem talið var. Árið 2014 voru skírð 11 börn, í kirkjum og heimahúsum. Hjónavígslur voru átta og sjö útfarir/minningarathafnir. 51 barn var skráð í *fermingarfræðslu* safnaðarins veturinn 2013-14 og á árinu 2014 voru fermd 24 börn í fjórum athöfnum (Ósló, Stavanger, Sandefjord og Seltjarnarneskirkju). Hluti fermingarbarnanna fermist á Íslandi hjá prestum á fyrri heimaslóðum fjölskyldanna. Þetta er gert í góðu samstarfi og gefur prestur út vottorð um að fermingarfræðslu sé lokið eða muni ljúka hjá söfnuðinum í Noregi.

Við skipulag á guðsþjónustunum eru *tengiliðirnir eða safnaðarfulltrúarnir út um landið* ómissandi sem fyrr. Það er mjög misjafn hvert hlutverk þeirra er eftir stöðunum, enda aðstæður oft ólíkar staða á milli. Sem dæmi um þjónustu má nefna m.a. að bóka kirkju, auglýsa helgihaldið í nærsamfélaginu, baka og þrifa, halda utan um messukaffið í samstarfi við Íslendingafélögin, lesa ritningarlestra í messum og vera presti innan handar með ýmislegt sem komið getur upp. Safnaðarfulltrúarnir sinna sjálfböðinni þjónustu. Þeim er boðið að taka þátt í aðalfundarstörfum safnaðarins á hverju vori. Hér verður einnig að minnast á kórastarfið sem fer vaxandi meðal Íslendinga í Noregi. Nú eru starfandi 3 kórar, Ískórinn í Ósló, Íslendingakórinn í Bergen og Kór Kjartans í Þrándheimi. Þessir kórar hafa allir gegnt hlutverki kirkjukórs í messuhaldinu á árinu.

Safnaðarstjórn/Sóknarnefnd fór með presti í messu- og vinnuferð í mars sem hin fyrri ár. Að þessu sinni var farið til Tromsø, en ritari sóknarnefndar Brynja Gunnarsdóttir sem búsett er í Tromsø, lét af störfum síðar sama ár. Haldinn var heilsdags vinnufundur á laugardeginum og tekið þátt í messuhaldinu á sunnudeginum í Elverhøy kirkju. Í messukaffinum var svo spjallað við heimafólk og góð kynni mynduðust. Fyrsti sunnudagaskólinn í Tromsø leit dagsins ljós og sá Valdimar Þór Svavarsson fræðslufulltrúi um að koma honum á laggirnar.



Alþjóðlegur bænadagur
kvenna er fyrsta föstudag í mars ár hvert. Íslenski söfnuðurinn tekur þátt ásamt fleiri kristnum söfnuðum í Nordbergkirkju. Það er mikilvægt fyrir lítinn söfnuð að finna sig í hópi trúsystkina annarra landa.



Aðventuhátíðin í Ósló heppnaðist með eindæmum vel. Herra Karl Sigurbjörnsson fyrrverandi Biskup Íslands flutti hátíðarræðu við mikið lof. Það var sérstaklega hátíðlegt að fá Hr. Karl og frú Kristínu í heimsókn og unun að hlusta á vel flutta ræðu sem snerti marga strengi. Íris Arnarsdóttir fermingarbarn flutti fallega jólasögu af mikilli prýði. Gunnar Þórðarsson, hinn ástsæli tónlistarmaður flutti fallega tónlist ásamt Hjörleifi Valssyni fiðluleikara og Ískórnum. Þeir fóru einnig til Bergen og Þrándheims og glöddu þar kirkjugesti aðventunnar. Í Stavanger söng Margrét Brynjarsdóttir við mikið lof og Gróa Hreinsdóttir organisti lék undir. Kór Kjartans í Þrándheimi, Sönghópurinn í Bergen og Ískórinn í Ósló eru orðnir órjúfanlegur hluti af helgihaldi safnaðarins. Það samstarf og sönginn ber að þakka sérstaklega.

Sameiginleg guðspjónusta íslenska safnaðarins í Noregi og Nordberg safnaðar í Ósló var haldin í



október. Prestar safnaðanna sr. Egil Stray Nordberg og sr. Arna Grétarsdóttir leiddu guðspjónustuna ásamt messuþjónum. Messan fór fram á íslensku og norsku og sungnir voru sálmar á báðum tungumálum. Framundan er að norrænu þjóðkirkjurnar sem starfa í Noregi hefji samstarf sín á milli og með sameiginlegu guðspjónustuhaldi með reglulegu millibili.

20 ára messuafmæli safnaðarins var minnst á annan í hvítasunnu með hátíðarguðspjónustu. Sr. Jón Dalbú Hróbjartsson, sem söng fyrstu messuna meðal Íslendinga í Noregi fyrir 20 árum, var sérstakur gestur safnaðarins við þessi tímamót. Í Hátíðarmessunni predikaði sr. Jón Dalbú og þjónaði fyrir altari og fermdi börn ásamt sóknarpresti safnaðarins.



Sóknarprestur hefur getað leitað til íslenskra presta sem starfandi eru hjá Norsku kirkjunni til að taka einstaka guðspjónustu eða athöfn. Þetta hefur verið hið ágætasta fyrirkomulag enda prestspjónustan yfirgripsmikil um víðfeðmar lendur Noregs.

Sálgæsla og kærleikspjónusta

Prestur sinnti *sálgæslu og kærleikspjónustu* sem fyrr og fór í 21 hús- og sjúkravitjanir á árinu. 89 sálgæsluviðtöl voru veitt á skrifstofu/kirkjum eða hótélum og 154 símasálgæsluviðtöl voru veitt. Þá er ótalin sálgæsla sem veitt er í gegnum tölvupóstssamskipti. Sálgæsluteymi er starfandi um landið og hefur prestur samstarf við íslenskt fagfólk sem sinnir kristinni sálgæslu eða meðferðarúræðum sem ekki verður með góðu móti sinnt nema á móðurmálinu. Fagleg handleiðsla og endurmenntun hefur verið hluti af sálgæsluvinnu prestsins og er nauðsynleg til að tryggja faglega þjónustu.

Símatími sóknarprests er frá þriðjudegi til föstudags frá kl. 10-11 og mánudagar eru vikulegir frídagar. Viðtalstímar á skrifstofu eða í síma eftir samkomulagi.

Fræðsla og námskeið

Lífssýn og trú er námskeið um eilífðarspurningarnar fyrir fullorðna sem fjallaði um ýmsar hliðar trúar ásamt uppbyggjandi samskiptum og hvatningu. Væntingar stóðu til þess að námskeiðið yrði haldið annað hvert ár en féll niður á árinu vegna mannabreytinga. Námskeið þetta mun breytast í einstaka fyrirlestra fyrir fullorðna með tilvistarlegum efnistökom.

Sjálfstyrkingarnámskeið fyrir konur er námskeið sem hefur fengið fastan sess í ársrútinu safnaðarstarfsins. Eygló Sigmundsdóttir sálfræðingur og sr. Arna Grétarsdóttir sömdu námskeiðið og hafa kennt það nú í 5 ár. Námskeið var haldið í Porsgrunn og Ósló árið 2014. Sambærilegt námskeið var haldið fyrir karla í upphafi árs 2014 við mjög góðar undirtektir bæði í Ósló og Stavanger. Umsjón með námskeiðinu sem bar heitið "Náum settu marki" hafði Valdimar Svavarsson fræðslufulltrúi.

Hjónanámskeið sem Eygló Sigmundsdóttir og sr. Arna Grétarsdóttir sömdu og boðið hefur verið upp á hin síðustu ár var ekki á dagskrá á síðasta ári vegna tímaskorts.



Konur eru konum bestar er námskeið sem Margrét Ólöf Magnúsdóttir djákni hefur sérhæft sig í. Þetta námskeið á uppruna sinn í Noregi og var haldið í Sandefjord á árinu.

Árlegt leiðtoganámskeið var haldið fyrir sunnudagaskólaleiðtoga íslensku safnaðanna á Norðurlöndum og var skipulag og umsjón í höndum Íslenska safnaðarins í Noregi í samstarfi við fræðslusvið Biskupsstofu. Að þessu sinni var námskeiðið haldið í Ólafíustofu

í Ósló. Breytingar voru gerðar á fyrirkomulagi námskeiðsins til að mæta hópi velmenntaðra og reynslumikilla sunnudagaskólaleiðtoga. Góður rómur var gerður að þessum breytingum.

Námskeið fyrir ungleiðtoga var haldið í tengslum við fermingarfræðsluferð til Svíþjóðar. Þar fengu leiðtogaefnin bæði kennslu í fyrirlestrarformi og samtali ásamt síðan verklegri æfingu á vettvangi. Góð aðstoð lærlinganna, áhugi þeirra og gleði var dýrmæt fyrir alla umgjörð fermingarnámskeiðsins.

Fermingarnámskeiðin eru tvisvar á ári, í maí og september. Þessi námskeið eru samstarfsverkefni Íslensku safnaðanna á Norðurlöndum. Farið er til Åh Stiftgaard i Svíþjóð þar sem öll umgjörð staðarins er til fyrirmyndar, kirkjan trónir falleg fyrir miðju svæðisins og tekið er vel á móti íslenska hópnum. Þessi námskeið hafa slegið í gegn hjá unglingunum og umhverfið allt frábært til að koma góðum boðskap og fræðslu til skila.

Upplýsingamál, samstarf og fundir

Fréttabréfið kemur út ár hvert í lok janúar og september. Hrafnhildur Brynjarsdóttir, grafískur hönnuður hefur sett upp fréttabréfið, en umsjón með útgáfunni var á hendi fræðslufulltrúa. Til stendur að fara yfir í rafræna útgáfu og senda aðeins út fréttabréf til þeirra sem það kjósa. Helstu vankantar við að senda út fréttabréfið eru heimilisfangalistar sem erfitt er að uppfæra og því koma mörg bréf til baka sem send hafa verið á röng heimilisföng. Facebook síða safnaðarins "Íslenski söfnuðurinn í Noregi" ásamt facebook síðum fyrir sunnudagaskólana og æskulýðshópa virka vel til að auglýsa starfið. Einnig er facebook samskiptasíða notuð til samskipta við fermingarbörn og foreldra. Messuauglýsingar hafa verið settar inn á facebook síðu "Íslendingar í Noregi" og svo auðvitað inn á heimasíðu safnaðarins www.kirkjan.no.



Ólafíurósín er merki (logo) safnaðarins og er teiknuð upp eftir meni Ólafíu Jóhannsdóttur sem hangir nú í Sigríðarstofu í safnaðarheimili Dómkirkjunnar í Reykjavík.

Heimasíða og kynningarmál safnaðarins er sístætt verkefni sem alltaf er í hraðri þróun og allar góðar ábendingar og aðstoð vel þegin í þeim málum.

Heimildarmynd um Ólafíu Jóhannsdóttur og söfnuðinn var frumsýnd 22. október á fæðingardegi Ólafíu í Ólafíustofu. Myndin var samstarfsverkefni Safnaðarstjórnar, Ólafíusjóðsstjórnar og Guðna Ölverssonar sem fékk til liðs við sig Viðar Hákon Gíslason. Myndin liggur nú inni hjá Ríkissjónvarpinu og bíður ákvörðunar um hvort sýnd verður þar.

Lýðveldishátíðin er haldin í samstarfi við Íslendingafélögin þar sem þess er óskað og mögulegt er að mæta. Hátíðarhöldin hefjast þá með guðspjónustu eða prestur flytur hugleiðingu sem er samofin hátíðardagskrá.

Samstarf við sendiráðsskrifstofu er mikilvægt þegar á reynir og er sendiherra og öllu starfsfólki hans þakkað gott samstarf. Söfnuðinum er boðið árlega að vera með við hátíðlega athöfn þegar Óslóartréð er fellt. Jólatréð er gjöf Óslóar til Reykjavíkurborgar og er tendrað á því fyrsta sunnudag í aðventu á lækjartorgi.

Eins er mikilvægt fyrir prest að vera í góðu samstarfi við presta norsku kirkjunnar, þar sem allt guðspjónustuhald er háð því að fá inni í norskum kirkjum.

Sóknarprestur sótti 54 fundi á árinu í tengslum við safnaðarstarf allt og prestspjónustu ásamt því að sinna 22 fyrirlesturum, námskeiðum og annarri fræðslu.

Barna- og unglingastarf - frá fræðslufulltrúa

Sunnudagaskóli

Sunnudagaskólar Íslenska safnaðarins í Noregi eru starfræktir víðsvegar um landið. En á síðasta ári voru 88 sunnudagaskólar alls. Fastir sunnudagaskólar eru í Osló, Drammen, Fredrikstad, Sandefjord, Kristiansand, Kristiansund, Bergen og Stavanger en einnig hafa verið sunnudagaskólar í Þrándheimi og Tromsø þegar guðspjónustur hafa verið haldnar á þeim stöðum. Öflugir leiðtogar leiða sunnudagaskólann en það eru Hrefna Grétarsdóttir, Heiðrún Jónsdóttir, Ruth Rúnarsdóttir, Leópold Hjörleifsson og Ása Laufey Sæmundsdóttir í Osló. Hrefna Grétarsdóttir og Ruth Rúnarsdóttir í Drammen, í Sandefjord og Kristiansand eru Margrét Ólöf



Magnúsdóttir og Benedikt Grétar Ásmundsson. Í Kristiansund eru þær Sigurborg Bjarnadóttir og Guðbjörg Sigurbjörnsdóttir leiðtogar sunnudagaskólans. Í Bergen hafa Helga Sigríður Þórsdóttir, Rebekka Ingibjartsdóttir og Ingibjartur Jónsson séð um starfið. Í Stavanger eru þær Anna María Proppé og Kolbrún Edda Gísladóttir. Margrét Guðmundsdóttir og Helma Ýr Helgadóttir sjá um sunnudagaskólann í Fredrikstad. Í Þrándheimi hefur Elín Soffía Pilkington verið leiðandi með sunnudagaskólann og Ása Laufey Sæmundsdóttir var með sunnudagaskóla í september og desember í Tromsø.



Íþróttarálfurinn kom í heimsókn í sunnudagaskólana í Kristiansund og Osló á vorönn 2014. Hann minnti áhorfendur á hvað það er mikilvægt að hreyfa sig og borða hollan mat. Heimsókn íþróttarálfsins vakti mikla lukku meðal barnanna og fullorðinna.

Nýtt DVD efni var tekið inn í sunnudagaskólastarfið fyrir veturinn 2014-2015 sem gefin er út af Skálholtsútgáfunni og heitir „Holy Moly“ en það eru stuttmyndir um biblíusögur sem gefin var út af Skálholtsútgáfunni á DVD fyrir sunnudagaskólana. Diskarnir hafa vakið lukku í sunnudagaskólanum en annars byggist sunnudagaskólinn á efni sem gefið er út á efnisveitu Þjóðkirkjunnar.

Unglingastarf

Á liðnum vetri hafa bæst við tveir æskulýðshópar í safnaðarstarfið, í Fredrikstad þar sem Margrét Guðmundsdóttir hefur leitt starfið og á Vestfoldsvæðinu þar sem að Margrét Ólöf

Magnúsdóttir hefur leitt starfið en eftirspurn var eftir æskulýðsstarfi frá börnum og foreldrum sjálfum á þessum stöðum eftir fermingarfræðsluferð safnaðarins í Svíþjóð og unglingaferðina í Íslendingahúsið í Norefjell. Alls eru æskulýðshóparnir orðnir fimm; Bergen, Stavanger, Osló, Fredrikstad og Vestfold. Í unglingastarfinu fá krakkarnir meðal annars tækifæri til að kynnst betur og viðhalda tengslum sem myndast hafa í fermingarfræðslu safnaðarins. Öflugir leiðtogar æskulýðsstarfsins halda uppi





fjölbreyttu og skemmtilegu starfi fyrir unglingana en leiðtogar í æskulýðsstarfinu eru Ása Laufey Sæmundsdóttir, Guðjón Andri Reynisson, Ruth Rúnarsdóttir og Leópolð Hjörleifsson í Osló. Rebekka Ingibjartsdóttir í Bergen. Ásdís Sjafnar Sigurðardóttir, Bjarki Bjarkason og Birta Rún Ingimundardóttir í Stavanger. Margrét Guðmundsdóttir í Fredrikstad og Margrét Ólöf Magnúsdóttir á Vestfoldsvæðinu. Æskulýðsfundir hafa verið mánaðarlega á öllum þessum stöðum en almennt hafa fundirnir verið tvisvar sinnum í mánuði í Osló. Alls voru 34 æskulýðsfundir á síðasta ári í safnaðarstarfinu okkar. Þátttaka hefur verið góð í öllum æskulýðshópum safnaðarins. Þar myndast góður vinskapur meðal unglinga og leiðtoga. Markmið Æskulýðsstarfs safnaðarins er að styrkja vináttutengsl og rjúfa einangrun þeirra barna sem flutt hafa hingað til Noregs og eiga erfitt með að tengjast öðrum félagslega m.a. vegna tungumálsins. Hver fundur er skipulagður og auglýstur á heimasíðu okkar og/eða facebooksíðu safnaðarins og á facebooksíðunni „[www.facebook.com/æskulýðshópur Íslenska safnaðarins í Noregi](http://www.facebook.com/æskulýðshópur_Íslenska_safnaðarins_í_Noregi).“ Hver fundur endar á stuttri helgistund eða í bæn sem rammar inn stundina. Um 50-60 börn hafa verið að sækja fundina reglulega í æskulýðsstarfinu okkar um allt land. Unglingahóparnir taka ávallt vel á móti nýjum félögum. Það má með sannni segja að æskulýðsstarf safnaðarins blómstri.

Skemmtileg viðbót við æskulýðsstarf safnaðarins var sérstök unglingaferð sem farin var 20.-22. júní 2014. Þar fór hópur íslenskra unglinga, sem búsettir eru víðsvegar um Noreg, saman í ferð í Íslendingahúsið í Norefjell á vegum Íslenska safnaðarins í Noregi. Markmið ferðarinnar var að efla vináttu unglinganna í leikjum og samveru. Þetta var í fyrsta sinn sem farið hefur verið í æskulýðsferð innanlands. Ferðin heppnaðist mjög vel og hópurinn fór sáttur heim eftir skemmtilega helgi saman.

Æskulýðshópur Íslenska safnaðarins í Noregi fór á landsmót ÆSKP á Íslandi eins og hin fyrri ár. Landsmótið var haldið á Hvammstanga dagana 23.-26. október 2014. Það var 30 manna hópur



sem fór frá Noregi á landsmótið. Yfirskrift landsmóts var „Já!“ en fræðsla landsmóts fjallaði um kynhegðun og kynheilbrigði þar sem farið var yfir klámmenningu, kynferðisofbeldi og notkun getnaðarvarna. Æskulýðsfélögin öll sem fóru á landsmót tóku þátt í að safna fyrir Hjálparstarf kirkjunnar eins og hin fyrri ár þar sem unglingarnir láta gott af sér leiða fyrir ákveðin málstað. Að þessu



sinni var safnað fyrir forvörnum, aðhlynningu og stuðningi við alnæmissjúka og börn sem misst hafa foreldra af völdum sjúkdómsins. Á dagskrá landsmóts var fræðsla, leikir, hæfileikakeppnir, sundlaugapartý og hópastarf svo eitthvað sé nefnt. Landsmótið heppnaðist vel og góð stemmning myndaðist í hópnum sem fór héðan frá Noregi.

Leikritið Unglingurinn, eftir Arnór Björnsson og Óla Gunnar Gunnarsson undir leikstjórn Bjarkar Jakobsdóttur, kom til Noregs í boði Íslenska safnaðarins í Noregi en hugmyndin var að bjóða upp á efni sem unglingar hefðu gaman af. Sýningin hafði mikið skemmtanagildi fyrir alla fjölskylduna en það voru ekki síður foreldrarnir sem höfðu gaman af sýningunni. Sýningin hafði líka forvarnargildi þar sem markmiðið var að auka skilning foreldra og annarra fullorðinna sem umgangast unglinga á menningu þeirra, tilfinningum og hugsunum. Leikritið var sýnt á fjórum stöðum, í Bergen, Stavanger, Osló og Kristiansand. Það er óhætt að segja að leiksýningin vakti mikla lukku meðal áhorfenda og fólk almennt virtist mjög ánægt með þetta framtak safnaðarins.

Starf 60 ára og eldri

Starf 60 ára og eldri er haldið mánaðarlega í vetur en starfið hefst að hausti og lýkur með vorfagnaði í maí ár hvert. Við höfum hist í Ólafíustofu einn fimmtudag í mánuði þar sem málefni líðandi stundar eru rædd undir borðsamfélagi þátttakenda. Hver stund hefst á helgistund áður en við setjumst við borðhaldið. Við höfum borðað saman heita máltíð í hádeginu einu sinni í mánuði og markmiðið hefur verið að bjóða upp á þjóðlega rétti, t.d. plockfisk og rúgbrauð og kjötsúpu svo eitthvað sé nefnt. Hin árlega hangikjötsveisla var haldin í janúar en í ár mættu um 50 manns í hangikjötsveisluna og áttu góða stund saman. Góð þátttaka hefur verið á fundum 60 ára en almennt mæta um 15-20 manns í Ólafíustofu en heldur meira í hangikjötsveisluna þar sem 50 manns mættu, eins og áður var nefnt. Starfið virðist vera að eflast og stækka og er það ánægjulegt. Osvald Kratsch hefur verið fræðslufulltrúi Ásu Laufeyju Sæmundsdóttur til halds og trausts við undirbúning fundanna ásamt Einari T. Traustasyni.

Ása Laufey Sæmundsdóttir fræðslufulltrúi.



Listanefnd – frá formanni

Hlutverk og verksvið listanefndar er að sjá um listviðburði á vegum íslenska safnaðarins í Noregi. Gert er ráð fyrir að nefndin hafi aðkomu að listaviðburðum og hafi umsjón með sérlegum tónlistarflutningi t.d. í helgihaldi í samráði við sóknarprest. Listanefnd er líka hugsuð sem farvegur og vettvangur fyrir íslenska listamenn og aðra til að kynna list sína. Listanefndin er ólaunuð nefnd. Í skipulagsskrá listanefndar er að finna nánari skilgreining á hlutverki og verksviði nefndarinnar.

Listanefndin tók til starfa árið 2012 og er þetta því þriðja starfsár nefndarinnar. Það voru haldnir sjö fundir í listanefndinni á árinu 2014. Einar Traustason lét af störfum á miðju ári og Þröstur Eiríksson kantor og lektor í kirkjutónlist kom inn í nefndina í hans stað sem fulltrúi skipaður af safnaðarstjórn. Í fjárhagsáætlun safnaðarins var gert ráð fyrir að listanefnd hefði kr. 250.000 til ráðstöfunar á árinu. Ársútgjöld nefndarinnar fyrir árið 2014 voru langt innan þess ramma.

Listanefnd kom að þremur stórum listviðburðum á árinu 2014:

1. **In memoriam 22. október.** Minningardagur um Ólafíu Jóhannsdóttur. Listanefndin stóð fyrir menningardagskrá í Ólafíustofu á milli kl. 19:00 og 21:00 á fæðingardeggi þessarar merku konu. Minningarathöfn var í höndum Sr. Örne Grétarsdóttur, Ásu Laufeyju Sæmundsdóttur fræðslufulltrúa og unglingaleiðtoga í æskulýðsstarfinu sem voru með innlegg um æfi og störf Ólafíu. Sólveig Jónsdóttir formaður Ískórsins sagði frá eldri minningardagskrá um Ólafíu og Ískórinn söng af innlifun undir stjórn Gísla J. Grétarssonar kórstjóra. Síðan var frumsýnd heimildarmynd um íslenska söfnuðinn í Noregi og Ólafíu Jóhannsdóttur. Að dagskrá lokinni var boðið uppá kaffi, kleinur og íslenskt sælgæti í umsjá Jónínu Margrétar Arnórsdóttur. Það mættu tæplega 60 manns á minningardagskrána. Allir listamenn sem komu að dagskránni gáfu vinnu sína til minningar um Ólafíu. Menningarkvöld í Ólafíustofu á fæðingardeggi Ólafíu 22. október, með svipuðu sniði, er hugsuð sem árlegur viðburður.
2. **Aðventuhátíð í Ósló.** Að venju var haldin aðventuhátíð í Nordberg kirkju í Ósló fyrsta sunnudag í aðventu (30. november). Eftirtaldir listamenn komu fram: Hinn ástsæli og landskunni tónlistarmaður Gunnar Þórðarson spilaði og söng, Hjörleifur Valsson fiðluleikari lék á fiðluna og Ískórinn söng undir stjórn Gísla J. Grétarssonar. Hr. Karl Sigurbjörnsson flutti hátíðarræðu. Ole Johannes Kosberg lék á orgelið. Sr. Arna Grétarsdóttir var með hugvekju, Íris Arnarsdóttir las jólasögu og Arnar Páll Michelsen formaður safnaðarstjórnar flutti ávarp. Í lok hátíðar var boðið upp á kaffi og meðlæti sem Íslendingafélagið í Ósló hafði umsjón með fyrir hönd safnaðarins. Eftir að



Aðventuhátíðinni lauk bauð listanefndin aðstandendum hátíðarinnar og listafólki í hátíðarkvöldverð á Ekebergresturangen. (Sjá fylgiskjal 1).

3. **Jólamessur í Þrándheimi og Bergen.** Aðventumessa var í Þándheimi laugardaginn 6. desember og í Bergen sunnudaginn 7. desember. Gunnar Þórðarson tónlistarmaður og Hjörleifur Valsson fiðluleikari spiluðu og sungu sig inn í hjörtu áheyrenda ásamt Kór Kjartans í Þrándheimi og Sönghópnum í Bergen. Á báðum stöðum var boðið uppá kaffi og meðlæti sem Íslendingafélögin stóðu fyrir fyrir hönd safnaðarins.

4. **Ýmis önnur mál og hugmyndir sem unnið var að.**

- a) Listanefnd styrkti á árinu málstofu og tónleika í tilefni af 400 ára ártíð Hallgríms Péturssonar sálmaskálds, þar sem ýmsir fræðimenn fjölluðu um verk, störf og æfi Hallgríms og konu hans Guðríðar Símonardóttur. Sérvalinn sönghópur flutti einnig verk eftir Hallgrím í mismunandi útsetningum. Styrkur til verkefnisins nam 25.000 kr.
- b) Samið var við listakonuna Málfríði Aðalsteinsdóttur að gera myndverk úr íslenskri ull og hrosshári á skrifstofu sóknarprests. Fyrirmyndir eru gamlar kirkjuhvelfingar. Verkið verður tilbúið á árinu 2015.
- c) Hugmynd að orgeltónleikum með Láru Bryndísi Eggertsdóttur var rædd, ásamt tónleikum með Önnu Jónsdóttur sópransöngkonu.
- d) Hugmyndir að innkaupum á listaverki í kapelli í Ólafíustofu voru ræddar, þ.á.m. málverk og skúlpúr. Einnig voru rædd kaup á altarisstjökum og skírnarfonti í Ólafíustofu.
- e) Umræður um listanefnd sem vettvang til að veita íslenskum listamönnum tækifæri á að kynna list sína og koma sér á framfæri.

Allar fundargerðir listanefndar liggja frammi hjá ritara.

Listanefnd vill þakka öllum velunnurum nefndarinnar, samstarfsólki og listamönnum samstarfið á árinu 2014. Sérstakar þakkir til Arnars Páls Michelsen formanns íslenska safnaðarins, Ingu Erlingsdóttur starfsmanns á skrifstofu safnaðarins og Ásu Laufeyjar Sæmundsdóttur fræðslufulltrúa fyrir góða og ánægjulega samvinnu. Með von um gott nýtt samstarfsár 2015.

Með kveðju,

Eygló Sigmundsdóttir formaður,

Hjörleifur Valsson varaformaður

Ingibjartur Jónsson gjaldkeri,

Pröstur Eiríksson meðstjórnandi

Sr. Arna Grétarsdóttir ritari



Ólafíusjóður – frá formanni

Greinargerð formanns stjórnar Ólafíusjóðs til stjórnar íslenska safnaðarins í Noregi fyrir árið 2014.

1. Fundir

Fundir voru 4 á árinu, ýmist í Osló, Reykjavík eða í síma.

2. Úthlutun

Orðið var við 6 umsóknum um aðstoð frá sjóðnum á árinu og nam heildarupphæð þeirra kr. 49.000. Auk þess var kr. 30.000 úthlutað til hjálparstarfs á Íslandi.

3. Fjárhagsstaða sjóðsins

Tekjur sjóðsins á árinu voru kr. 50.000 af vaxtatekjum safnaðar og gjafir kr. 10.435. Þegar búið var að greiða kr. 30.000 til hjálparstarfs á Íslandi voru í sjóðnum við árslok 2014 kr. 67.817.

4. Heimildarmynd um söfnuðinn, Ólafíu Jóhannsdóttur og Ólafíusjóð.

Gerð heimildamyndarinnar lauk á árinu og var hún afhent stjórn safnaðarins.

5. Nauðsynjainnkaup

Stjórnin samþykkti að veita sóknarpresti heimild til að verja allt að kr. 10.000 á ári í nauðsynjainnkaup fyrir bágstaddar íslenskar fjölskyldur í Noregi, um kr. 1.500 í hvert sinn.

Reykjavík, 29. mars 2015

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir
formaður stjórnar Ólafíusjóðs



Að lokum

Safnaðarstarfið er án efa lifandi og virkt samfélag sem er í góðum tengslum við þau sem þiggja þjónustu. Á hverju ári eru gerðar breytingar sem styrkja og bæta starfið og þjónustuna. Ég bið þess að þau fjölmörgu sem þjóna í hinum margvíslegu trúnaðarstörfum fái að nærast af kærleiksanda Krists sem uppörvar og leiðir í lífi öllu. Það er von mín að hvert skref og hver ákörðun sem tekin er af leiðtogum öllum styrki söfnuðinn okkar til framtíðar. Verkefni yfirstandandi árs eru ærin og krefjandi þá ríður á að samhugur um markmið safnaðarins sé öllum ljós; að boða kærleiksríkt Orð Drottins Jesú Krists til lífs, vonar og frelsis.

Kærleikur Drottins umvefji allt safnaðarstarfið og gefi okkur öllum trú, kjark og samhug til að takast á við verkefni daganna.

*Arna Grétarsdóttir,
Sóknarprestur Íslenska safnaðarins í Noregi
Ósló í mars 2015*



Viðauki 1. Skipulagsskrá Ólafúsjóðs Íslenska safnaðarins í Noregi

1.gr.

Hjálparsjóður fyrir nauðstadda Íslendinga í Noregi, Ólafúsjóður Íslenska safnaðarins í Noregi, var stofnaður á auka aðalfundi Íslenska safnaðarins í Noregi 4. október 2009. Heiti sjóðsins er til minningar um Ólafíu Jóhannsdóttur, sem hjálpaði nauðstöddum konum í Osló upp úr aldamótunum 1900. Ólafía var mikil trúkona.

2.gr.

Sjóðnum er ætlað að mæta tímabundnum erfiðleikum t.d. í tengslum við veikindi, dauðsfall eða önnur áföll sem dunið geta yfir einstaklinga og fjölskyldur. Einnig skal kanna þörf á úthlutun fyrir jólin. Sjóðsstjórn metur þörf hverju sinni.

3. gr.

Til Ólafúsjóðs skal leggja NOK 50.000.- árlega og féið tekið af vaxtatekjum safnaðarins. Sjóðurinn skal hafa eigin bankareikning. Sjóðnum er og frjálst að auglýsa eftir framlögum frá stofnunum, félagasamtökum, fyrirtækjum og einstaklingum. Sjóðurinn hefur einnig umsjón með framlögum safnaðarins til hjálparstarfs á Ísland, sem vistuð eru á sérstökum reikningi.

4.gr.

Sjóðurinn hefur þriggja manna stjórn og skal einn stjórnarmanna vera sóknarprestur safnaðarins. Hinir tveir eru kosnir á aðalfundi safnaðarins. Sjóðsstjórn skiptir með sér verkum.

5. gr.

Leggja skal inn skriflegar umsókn um styrk til sjóðsins og skal sjóðurinn hafa sérstakt pósthöfn. Með allar umsóknir skal fara sem trúnaðarmál.

6. gr.

Sjóðurinn skal hefja störf 1. nóvember 2009. Framlög til nauðstaddra Íslendinga í Noregi fyrir þann tíma teljast ekki til framlaga sjóðsins.

Osló, 28. október 2009
Samþykkt af safnaðarstjórn 14. júní 2010.



Viðauki 2. Skipulagsskrá listanefndar Íslenska safnaðarins í Noregi

§ 1 Hlutverk og starfssvið

Listanefndin heldur utan um allt listastarf á vegum safnaðarins. Það gerir hún með því að:

- Skipuleggja listviðburði í tengslum við helgihald.
- Hafa umsjón með tónlistarflutningi í helgihaldi þegar sóknarprestur óskar þess.
- Hafa umsjón með viðburðum skv. beiðni sóknarnefndar.
- Skipuleggja sjálfstæða listviðburði.
- Hafa umsjón með listmunum og listaverkum í eigu safnaðarins og vali á þeim.

Listviðburðir á vegum safnaðarins skulu vera farvegur fyrir íslenska listamenn og aðra til að kynna sig og list sína.

Nefndin skal í verkefnavali hafa að leiðarljósi kristilegan boðskap, gildi og siðferði.

§ 2 Starfsemi

Nefndin starfar með fjárframlögum frá sóknarnefnd skv. fjárhagsáætlun.

Nefndinni er heimilt að sækja um styrki til að fjármagna starfsemi sína.

§ 3 Skipan nefndar

Listanefnd saman stendur af fimm meðlimum Íslenska safnaðarins.

- Þrír skulu kosnir á aðalsafnaðarfundum til fjögurra ára í senn
- Einn er tilnefndur af sóknarnefnd til eins árs í senn
- Einnig situr sóknarprestur í nefndinni.

Óski nefndarmaður að hætta störfum í nefndinni skal nýr meðlimur kosinn í hans stað á næsta aðalsafnaðarfundum til fjögurra ára.

Samþykkt á aðalsafnaðarfundum 4. maí 2014.